



Bréf frá Bjarna Benediktssyni til lögmannsins í Reykjavík 26. Janúar 1934

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Borgarlögmaður – Leigusamningur – Guðmundur Daníelsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 14. maí s.l. var Guðmundi Danielssyni leigð íbúð í húseigninni Laugaveg 18 a hér í bæ, fyrir 120 kr. á mánuði, og skyldi leigan greiddast mánaðarlega, fyrirfram í upphafi hvers mánaðar. Skriflegur leigusamningur var enginn gerður, en gengið var út frá að venjulegar reglur skyldu gilda, þar á meðal um samningsrof. Nú hefur nefndur Guðmundur ekki enn, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir greitt að fullu leigu fyrir s.l. október mánuð, þannig að hann skuldar 20 kr. fyrir þann mánuð, og ^{skuldar} auk þess alla leiguna fyrir nóvember, desember og janúar mánuði. Þessvegna leyfi eg mér, fyrir hönd mína og sameigenda minna að nefndri húseign, að beiðast þess, að þér herra lögmaður, berið nefndan Guðmund Danielsson út úr húsinu, jafn-skjótt sem hentugleikar yðar leyfa, og á okkar húseigendanna ábyrgð.

Reykjavík 26. janúar 1934.

Virðingarfyllt.

Til
lögmannsins í Reykjavík.